



SÆMUNDARSKÓLI  
*Gledi Virðing Samvinna*

# Smiðjur í 6.- 7. bekk

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2015

**Verkefnisstjóri:** Guðrún Anna Gunnarsdóttir

**Nr. samnings:** UMS-84

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- að nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt með því að velja sér hvetjandi námsumhverfi og fái notið hæfileika sinna
- að nemendur geti valið þær námsaðferðir sem þeir telja henta sér best
- að ýta undir aukna starfsánægju nemenda með afmörkuðum verkefnum þar sem nemendur sjá fyrir endann á þeim og vinnuframlag hvers og eins verði markvissara
- að víkja meira frá bókastýrðri kennslu með fjölbreyttum starfsaðferðum og auka þannig verklega færni nemenda ásamt því að samþætta námsgreinar
- að fá gesti í skólann til að miðla þekkingu sinni og kynna sitt starf
- að fara í vettvangsheimsóknir í fyrirtæki, á söfn og nýta nærumhverfi skólans
- að flétta grunnþætti nýrrar aðalnámskrár inn í starfshætti
- að veita leiðbeinandi námsmat á grundvelli hæfniviðmiða skv. aðalnámskrá

Til að nemendur upplifi vellíðan í námi er mikilvægt að námið sé að einhverju leyti á forsendum þeirra sjálfra og auk þess ýtir val nemenda undir aukna ábyrgð þeirra á eigin námi.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í vetur hefur 6.- 7. bekk verið boðið upp á smiðjur. Smiðjur eru 6 vikna námskeið og nær hvert námskeið yfir 2x70 mínútna kennslulotur í viku hverri. Hver nemandi tekur þátt í tveimur smiðjum í senn og hefur því verið um að ræða 4x70 mínútna lotur í viku. Ákveðið var að bæta einum kennara við í smiðjuteymið bæði til að auka valmöguleika nemenda og til að hafa nemendahópa ekki of stóra. Með því var hægt að bjóða upp á 6 valmöguleika í hvorri smiðju. Fjölbreytt viðfangsefni hafa verið í boði. List- og verkgreinar falla undir smiðjurnar og auk þess hefur nemendum staðið til boða auka hreyfing inni og úti, upplýsinga- og tæknimennt, íslenska, stærðfræði og verkefni sem tengjast náttúru- og samfélagsgreinum. Til að geta boðið upp á Legosmiðju voru keyptir legokubbar sem tengjast vélbúnaði og aflfræði og auk þess voru keyptir áttavitar til að nota í útivistarsmiðju.

Dæmi um smiðjur sem boðið hefur verið upp á í vetur:

- |                              |              |
|------------------------------|--------------|
| - Vindhörpusmíði             | - Graffiti   |
| - Heimilisfræði              | - Tónsmiðja  |
| - Rattleikir                 | - Íþróttir   |
| - Áhugaverkefni              | - Bókagerð   |
| - Kjaftaskjóður og blaðrarar | - Húfuprjón  |
| - Forritun                   | - Myndasögur |



Leiksýning og kynningar á sal fyrir aðra nemendur skólans, starfsmenn og foreldra

Í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík tóku list- og verkgreinakennarar sig til og settu upp sýninguna *Kaffikelling og köngulær* á Borgarbókasafninu í Spöng þar sem sýnd voru verk nemenda unnin eftir kvæðum Þórarins Eldjárns. Nemendur sáu sjálfir um að opna sýninguna og lásu ljóð eftir Þórarin. Auk þessa kynntu nemendur afrakstur smiðjanna á samveru á sal og sýndu leikrit fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Langflestir þættir verkefnisins heppnuðust vel og mikil ánægja er meðal nemenda, foreldra og starfsfólks. Fram kom í viðtölum við nemendur og foreldra að mest ánægja væri með fjölbreytt úrval viðfangsefna og valmöguleika nemenda. Vel tókst til að víkja frá bókastýrðri kennslu, vettvangsheimsóknum fjölgaði og um var að ræða afmörkuð verkefni sem nemendur sáu fyrir endann á. Allir eru sammála um að sex vikur sé hæfileg tímalengd og sjötíu mínútna lotur henti vel í vinnu sem þessa. Álit okkar er að ánægja nemenda gagnvart smiðjum skilar sér áfram inn í annað nám og getur aukið sjálfstæði þeirra.

### **Niðurstöður**

Flest markmiðin náðust og í raun eina markmiðið sem náðist ekki var að fá gesti í skólann til að miðla þekkingu sinni og kynna sitt starf. Eins og fram hefur komið hafa nemendur fengið tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, námsumhverfi og aðferðir og í kjölfarið öðlast aukna ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum. Með smiðjunum hefur okkur tekist að flétta grunnþætti nýrrar aðalnámskrár inn í starfshætti skólans og að sama skapi höfum við náð að veita leiðbeinandi námsmat á grundvelli hæfniviðmiða samkvæmt aðalnámskrá. Vettvangsferðum fjölgaði með tilkomu styrksins þar sem við gátum nýtt rútur í ferðir en tímafrekt er að nota almenningsamgöngur og tímaramminn var einungis sjötíu mínútur. Dæmi um vettvangsferðir voru leiðsögn um Borgarleikhúsið, heimsókn í varðskipið Óðinn, heimsóknir í listasöfn og opnun sýningarinnar *Kaffikelling og köngulær* í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík.

Ákveðið hefur verið að halda smiðjunum áfram í 6.-7. bekk og nota sama fyrirkomulag í vali í unglingsáætlun. Verkefnið hefur náð að festa sig í sessi í vetur en væntanlega mun vettvangsferðum fækka vegna rútukostnaðar.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Í upphafi var verkefnið kynnt fyrir starfsfólki skólans og á haustkynningum var það kynnt fyrir foreldrum nemenda í 6. og 7. bekk. Á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskóla hverfisins í nóvember var haldin málstofa þar sem fyrirkomulag smiðjanna var kynnt. Fjölmargir gestir, innlent og erlent skólafólk hafa komið og heimsótt skólann í vetur og kynnt sér skólastarfið m.a. fyrirkomulag smiðjanna. Í haust verða smiðjurnar kynntar fyrir foreldrum barna í verðandi 6. bekk og nýju starfsfólki. Gaman væri að fá tækifæri til að kynna verkefnið sem víðast svo fleiri geti nýtt sér hugmyndina. Nú þegar höfum við miðlað gögnum til annarra skóla sem hyggjast nýta sér fyrirkomulagið.

## **Annað**

Við teljum mikilvægt að ákveðnir aðilar taki að sér að halda utan um fyrirkomulag og skipulagningu smiðjanna, sjái um að kalla eftir smiðjulýsingum frá kennurum, setja þær upp og koma til nemenda og í kjölfarið raða þeim í hópa.

Hér á eftir má sjá dæmi um smiðjulýsingar, valblað og hópaskiptingar.

## SMÍÐJA A

### Fjarvídd og fjör

#### **Kennari:**

Kennt verður að teikna í fjarvídd (prívídd í mynd) og við ætlum að teikna og hanna DRAUMAHERBERGIÐ. Við notum mikið reglustikur og mikilvægt er að sýna nákvæmni og vönduð vinnubrögð.



### Uglur – vélsaumur

#### **Kennari:**

Hver nemandi hannar og saumar sína uglu úr gömlum efnunum eða notuðum fötum. Hér læra nemendur að taka upp snið, raða saman litum og munstri auk þess sem undirstöðuatriði á saumavél verða rifjuð upp. Aukaverkefni er að hanna nytjahlut eða skartgrip úr gömlu hálstau.

### Stríð á Íslandi


#### **Kennari:**

Hefur Ísland tekið þátt í stríði? Höfum við verið með her? Hvað gerir Landhelgisgæslan? Til hvers erum við með varðskip? Við ætlum að fræðast um stríðsátök á Íslandi, Landhelgisgæsluna og varðskipin. Við förum svo í vettvangsferð og fáum að skoða varðskipið Óðinn.

### Fingurgull úr tré

#### **Kennari:**

Í þessari smíðju smíðum við hringa úr samlímdu tré sem við litum í öllum regnbogans litum, sögum út og meðhöndlum þar til þeir sóma sér eins og gull á fingri.



### Heimilisfræði

#### **Kennari:**

Bóklegt: Næringarefni, örverur og geymsla matvæla, kornvörur og krydd, strauja. Verklegt: Brauðbakstur, einfaldir kjöt- og fiskréttir og sætabrauð.

### Barnameningarhátíð – sýning – leirkaffibollar

#### **Kennari:**

Smiðjan er í tengslum við Barnameningarhátíð. Verkin sem unnin verða í smíðjunni verða til sýnis í bókasafninu í Spöng í lok apríl. Við munum vinna út frá ljóðinu kaffikelling eftir Þórarin Eldjárn.

Mikilvægt er að þeir sem velja þessa smíðju séu tilbúnir til að sýna bæði vönduð vinnubrögð, hugmyndaauðgi og metnað og hafi áhuga á að vinna með leir.

# VALBLAÐ FYRIR SMÍÐJUR

Nafn: \_\_\_\_\_ Bekkur: \_\_\_\_\_

Smiðja A er á mánudögum og þriðjudögum. Smiðja B er á miðvikudögum og fimmtudögum. Hver smiðja stendur yfir í 6 vikur og að því loknu velja nemendur nýjar smiðjur.

Smiðja A	Nr. 1	Nr. 2	Nr. 3
Fjarvídd og fjör			
Uglur - vélsaumur			
Stríð á Íslandi			
Fingurgull úr tré			
Heimilisfræði			
Barnamenningarhátíð - leirbollar			

Smiðja B	Nr. 1	Nr. 2	Nr. 3
Skringilegt skrin			
Heimilisfræði			
Leiklist –			
Íþróttir			
Töskur - vélsaumur			
Legosmiðja			

Veldu nú þrjár smiðjur úr hvorum flokki og merktu í reit númer eitt við þá smiðju sem þig langar helst í, númer 2 við þá smiðju sem þig langar líka mikið í og svo eina í viðbót númer 3. Við reynum að fara eftir þessum óskum en líklegt er að þú fái ekki alltaf það sem þú valdir sem fyrsta kost.

Mér sýnt: \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris

*Kveðja frá kennurum.*

